

FÉLAGSSTARF ELDRÍ BORGARA Í STYKKISHÓLMI

Í LJÓSI COVID-19.

Við í Ráðhúsinu höfum staðið í ströngu að reyna að átta okkur á hvað er skynsamlegast að gera í ljósi stöðunnar. Í þeim efnum höfum við kosið að ráðfæra okkur beint við heilbrigðisyfirvöld og langar mig að deila með ykkur skilaboðum sem við fengum þaðan frá Yfirlækni HVE.

Þeim sem eru í aukinni áhættu á að verða alvarlega veikir (aldraðir eru þar á meðal) er þegar ráðlagt að forðast mannfagnaði og óþarfar samkomur. Svo kemur það til að við þurfum líka að huga að andlegri líðan þessa hóps og þess vegna er vont að hætta alveg öllu starfi. Ég held þess vegna að við eigum ekki á þessu stigi að leggja félagsstarf og tómsundastarf aldraðra niður en endilega að huga að breyttum áherslum og að aðlaga starfið e. því sem kostur er, t.d. að auka áherslu á útivist og draga úr hættu á snertingu og sameiginlegum snertiflötum.

Það verður svo að viðurkenna að þetta er hálfgerður línudans allt saman og þó að eitt sé ráðlagt í dag þá getur það breyst á morgun.

Að þessu sögðu og eftir að hafa ráðfært mig við það starfsfólk sem kemur að félagsstarfi og hreyfingu hér í Stykkishólmi þá er niðurstaðan þessi:

- **Það sem fellur niður til að byrja með eru, tímar í ræktinni, myndmennt og sundleikfimi.**
- **Það sem verður í boði er kaffispjallið, karlakaffið, smíðarnar og saumaklúbburinn.**

Hópatímum í Íþróttamiðstöð verður haldið úti en með breyttum áherslum þannig að æfingar verði með því sniði að ekki sé hætta á snertingu milli fólks. Við hvetjum alla til þess að meta sína stöðu hver fyrir sig og fara að tilmælum um handþvott og ungenisreglur.

Bið alla að fylgjast vel með, því eins og áður hefur komið fram er þetta allt breytingum háð.

Ef eitthvað er óljóst eða að þið hafið fyrirspurnir þá endilega hafið samband við mig í síma 8648862.

Kveðja
Magnús Ingi Bæringsson,
tómsunda- og æskulýðsfulltrúi